

# SOS

Fréttablað 2. tölublað. 21. árgangur 2015

# BARNAPORPIN



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



# Ungir hlauparar

## endurbyggja skóla í Nepal

**K**ársneshlaup Kársnesskóla var haldið 5. júní síðastliðinn en um er að ræða góðgerðarhlaup sem á að hvetja til hreyfingar í nærumhverfi nemenda. Alls söfnuðust 100.000 krónur og rann ágóðinn til SOS Barnaþorpanna. Fjármagnið nýttist til endurbyggingar skóla á þeim svæðum sem urðu verst úti í jarðskjálftanum mikla sem reið yfir Nepal í lok apríl.

Kennarar, starfsfólk og nemendur skólans tóku þátt í Kársneshlaupinu og var þeim frjálst að hlaupa, skokka og/eða ganga. Nemendur í 1. og 2. bekk hlupu á Vallargerðisvelli

eins marga hringi og þeir vildu en nemendur í 3. til 9. bekk hlupu á Kópavogsvelli. Hlaupavegalengdirnar voru 800 metrar, 1,6 og 2 kílómetrar en samkvæmt hlaupaneftnd



Kársnesskóla voru veðurguðirnir krökkunum hliðhollir og spennan í hámarki þegar barist var um þriju efstu sætin.

Alþjóðasamtök SOS Barnaþorpanna kölluðu eftir allt að einum og hálfum milljarði króna vegna neyðaraðstoðar í Nepal næstu 3-5 árin en samtökin hafa sinnt neyðaraðstoð á svæðinu síðan jarðskjálftinn reið yfir. Neyðin á skjálftasvæðinu er enn gríðarleg og mikið uppbyggingarstarf framundan. Ásamt því að setja upp neyðarskýli og dreifa nauðsynjum veittu sérfræðingar samtakanna áfallahjálp og fjórtán barnvæn svæði voru opnuð. Þá áforma samtökin að byggja að minnsta kosti 300 ný heimili fyrir fjölskyldur sem misstu allt sitt í skjálftanum ásamt því að fjórir ríkisreknir skólar verða endurbyggðir. Þá hafa SOS Barnaþorpin tekið við börnum sem misstu foreldra sína eða urðu viðskila við þá í hamförunum.



Frá framkvæmdastjóra

# Þetta er fyrir þig...

**B**laðið sem þú ert nú að lesa er fyrir þig. Og það eru þessar tilvitnanir líka:

- Í bréfinu kom fram gríðarlegt þakklæti sem hún hafði til SOS móður sinnar. (Bls. 9.)
- Yndislegt að sjá hversu vel er hugsað um börnin. (Bls. 9.)
- SOS Barnaþorpið er það besta sem komið hefur fyrir mig. (Bls. 12.)
- SOS móðir mín ól mig upp og ég verð henni ævinlega þakklát fyrir það. (Bls. 12.)
- Ég veit ekki hvar við værum í dag ef SOS Barnaþorpin hefðu ekki komið inn í líf okkar. (Bls. 6.)

Þessar tilvitnanir eru ekta og þær hafa mikið vægi. Hér er um að ræða einstaklinga sem með eigin augum og á eigin skinni hafa séð og fundið hvernig hjálparstarf það sem þú leggur lið skiptir öllu máli. Hvernig vonleysi breytist í von og framtíðin verður að tilhlökkun.

Skjólstæðingar SOS Barnaþorpanna skipta hundruðum þúsunda þannig að við gætum safnað saman mörgum frásögnum og tilvitnunum sem bera vott um nýtt líf og nýja von. Allar eru tilvitnanirnar hér að ofan þó teknar úr greinum og viðtölum í þessu blaði. Ég vona að þú njótir lestursins og get fullyrt að einhver úti í heimi sem er hjálpar þurfi nýtur góðs af þínum stuðningi og vill að þú vitir hve mikils virði hjálp þín er.

Með hjartans þökk fyrir stuðninginn við börnin!  
Hann skiptir þau öllu!

Ragnar Schram



**SOS  
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram

Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir

Heimilisfang:

SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi

Sími: 564 2910

sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Grafíker ehf.

Prentun: Oddi

Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd: Mynd af stúlku í SOS Barnaþorpinu í Rafah í Palestínu.



# SOS feðrum fjölgar ört


**S**tofndandi SOS Barnaþorpanna, Hermann Gmeiner, lagði mikla áherslu á móðurhlutverkið og var á þeirri skoðun að öll börn ættu að eiga móður. Samtökin hafa því ávallt lagt mikið upp úr móðurinni og borið virðingu fyrir sambandi hennar við börn sín. Þó er kominn tími til að horfa á stöðu móðurinnar í nútímaljósi og endurskoða hana með jafnréttissjónarmið í huga. Þegar fyrstu SOS Barnaþorpin voru sett á laggirnar fyrir rúmum 65 árum voru það aðeins SOS mæður sem gengu munaðarlausum og yfirgefnum börnum í foreldrastað. Með árunum

hefur það breyst og karlmönnum fjölgað en í dag tölum við um SOS foreldra þar sem um er að ræða mæður, feður eða pör/hjón.


Rannsóknir sýna að börn sem eiga í góðu, langtíma sambandi við fullorðinn einstakling eru líklegri til að vera í tilfinningalegu jafnvægi og góðir samfélagsþegnar en yfirleitt er um að ræða samband við foreldra.

Skoðun samtakanna er sú að með fjölbreyttari fjölskylduformum mætum við þörfum barnanna okkar betur og í SOS Barnaþorpum víðsvegar um heim finnum við einstæðar SOS mæður, einstæða SOS feður og SOS foreldra

sem eru sambúðarfólk eða hjón. Þrátt fyrir að SOS mæður séu enn stærsti hópurinn eru samfélögin stöðugt að þróast og hlutverk karlmannna í foreldrahlutverkinu sífellt að stækka. SOS Barnaþorpin taka þessum breytingum fagnandi og hvetja því karlmenn til að sækja um stöðu SOS foreldris. Fjöldi SOS feðra hefur aukist undanfarin ár og í dag eru þeir ekki óvenjuleg sjón í barnaþorpunum okkar, sér í lagi í Evrópu og Suður-Ameríku. SOS feður eru enn sem komið er ekki margir í Afríku og Asíu en það breytist vonandi með tíð og tíma.



*SOS faðir og barn í Póllandi*



*SOS faðir í Gíneu-Bissá*



*SOS faðir með börnum í Kenía*



SOS Barnaþorpun vilja stuðla að jafnrétti kynjanna og gera öllum aðilum ljóst að ekkert umburðarlyndi er fyrir misrétti eða brotum á mannréttindum. Samtökunum er ljóst að kynjamisrétti er enn til staðar og því gerum við allt sem í okkar valdi stendur til að styrkja stöðu kvenna innan okkar raða og mikil áhersla er lögð á sjálfstyrkingu kvenna og ungra stúlkna í SOS Barnaþorpum.



# Handa- og fótalaus móðir

## saumar föt og sokka



**A**nna er fimm ára og býr með foreldrum sínum í Tirana í Albaníu en þeir eru báðir öryrkjar. Móðir hennar, Barda, missti hægri handlegg og hægri fót sem barn og er því bundin við hjólastól. Faðir Önnu, Ardi, þarf að notast við hækjur. Anna er heilbrigð ung stúlka en hefur þó glímt við astma frá fæðingu.

„Hún er sérstaklega slæm á veturna“, segir Barda. „Síðasti vetur var mjög kaldur og því fórum við með hana í sérstakt ofnæmispróf sem kostaði 120 evrur (17.700 krónur) og það setti okkur nánast á hausinn. Læknirinn vorkenndi okkur og rukkaði því einungis 100 evrur (tæpar 15 þúsund krónur) sem var samt allt of mikið. Og þá áttum við eftir að kaupa nauðsynleg lyf og hjálpartæki handa henni.“

„Ég veit ekki hvar við værum í dag ef SOS Barnaþorpin hefðu ekki komið inn í líf okkar“, segir Ardi en hann ólst upp á munaðarleysingjahæli.

„SOS gáfu okkur von um betri framtíð.“

Barda hafði samband við SOS Barnaþorpin í október 2012 en þá var fjölskyldan í mikilli neyð. „Anna var afar veik eftir að hafa fengið röng lyf á heilsugæslu í borginni og því fór ég til SOS í von um að fá rétt lyf og hjálpartæki handa henni. Ég fékk hins vegar svo miklu meira en það.“

Fjölskyldunni var útvegaður matur ásamt lyfjum og öðrum nauðsynjum. Þá fékk Barda sálfræðiaðstoð en hún hafði glímt við þunglyndi í langan tíma. Hún fékk einnig nýjan hjólastól og Anna byrjaði í leikskóla.

„Félagsráðgjafinn hjá SOS hjálpaði okkur líka að sækja um lífeyri og nú fáum við 80 evrur (11.800 krónur) á mánuði. Það er kannski ekki mikið en það er að minnsta kosti eitthvað“, segir Barda.

Til þess að auka tekjur sínar enn frekar ákvað fjölskyldan að hefja lítinn rekstur og fékk aðstoð frá SOS til þess. „Við erum með litla aðstöðu í garðinum hjá okkur þar sem við seljum nærbuxur og sokka sem ég sauma“, segir Barda. Þegar hún kom til SOS var henni boðið í hóp kvenna sem hittist einu sinni í viku. „Til að byrja með var þetta

hálfgerður sjálfshjálparhópur þar sem við vorum allar að fá aðstoð hjá SOS og ekkert á sérstökum stað í lífinu. Nú er þetta orðið að saumaklúbbi en saumaskapur er frábær leið til að auka tekjurnar. Ég sagði við hinar konurnar að fyrst ég gæti saumað með annarri hendi þá hljóti þær að geta það með báðum!“ segir Barda og hlær.

”

**Líf okkar hefur breyst svo mikið síðan við komum til SOS.**

Fjölskyldan er um þessar mundir að safna fyrir kerru sem myndi nýtast vel við nærfata- og sokkasöluna. „Kerran kostar 190 evrur en

ef við ættum slíka kerru þá gæti Ardi líka selt vörur í bænum. Það væri frábært,“ segir Barda sem er afar þakklát fyrir aðstoðina frá SOS Barnaþorpinum.

„Líf okkar hefur breyst svo mikið síðan við komum til SOS. Í dag erum við hamingjusöm og sjáum fram á að geta alið dóttur okkar upp í heilbrigðu og stöðugu umhverfi,“ segir Barda að lokum.



**Skjólvinir gera okkur kleift að segja svona sögur!**



# Hjúkrunarfræðinemar komu

Auður með styrktarbarninu sínu, Luka



Bréfið sem snerti hjörtu Íslendinganna djúpt



# færandi hendi til Sambíu



Hópmýnd fyrir utan eitt heimilið



Á leið í heimsókn í eitt af húsunum

**H**júkrunarfræðinemarnir Auður, Bára Dís, Valgerður, Eva Karen, Hildur Ýr, Kristín og Sandra María heimsóttu SOS Barnaþorp í Sambíu fyrir á árinu. Við fengum þær til að skrifa nokkur orð um heimsóknina.

Í lok maí fórum við, sjö hjúkrunarfræðinemar frá Háskóla Íslands, til Livingstone í Sambíu til þess að sinna sjálfbodaðistarfi á vegum African Impact hjálparbarnasamtakanna. Nokkrum vikum fyrir ferðina sáum við að það væri SOS Barnaþorp staðsett í Livingstone og fannst okkur því tilvalið að heimsækja þorpið. Áður en við fórum út gerðust nokkrar okkar styrktarforeldrar barna í þorpinu.

Þann 6. júní heimsóttum við þorpið og var heimsóknin bæði skemmtileg, fræðandi og áhugaverð en starfsfólk og börn tóku vel á móti okkur. Í upphafi heimsóknarinnar fengum

við kynningu á starfsemi þorpsins og gáfum við þorpinu litabækur, trélitu, yddara og snú-snú bönd sem vakti allt mikla lukku. Eftir kynninguna röltum við um þorpið og heimsóttum nokkur heimilin og fengum þannig innsýn inn í líf barnanna sem þar búa. Það sem kom okkur mest á óvart var hvað hvert heimili var eins og alvöru fjölskylda. Á hverju heimili var ein móðir sem hafði tekið börnin að sér og sá um þau eins og þau væru hennar eigin. Börnin líta á hvert annað sem systkini og greinilegt var að mikill kærleikur ríkti á hverju heimili. Börnin hafa öll sitt hlutverk á heimilinu og taka þátt í heimilisstörfum.

Á einu heimilinu rákum við augun í bréf sem ein stúlkan hafði skrifað til móður sinnar. Í bréfinu kom fram gríðarlegt þakklæti sem hún hafði til SOS móður sinnar og fannst okkur

öllum það sýna hversu mikið börnin kunna að meta aðstæður sínar.

Skemmtilegast fannst okkur að hitta styrktarbörnin okkar. Auður hitti styrktarson sinn, Luka, sem er ellefu ára og ætlar að verða læknir þegar hann verður stór. Luka hlakkaði mikið til þess að hitta Auði og gerði sig sérstaklega finan fyrir heimsóknina. Bára hitti styrktardóttur sína, Ruth, sem er tíu ára gömul og ætlar að verða hjúkrunarfræðingur í framtíðinni. Krakkarnir hópuðust í kringum okkur, leiddu okkur um barnaþorpið og sýndu okkur meðal annars skólann sinn.

Þessi heimsókn opnaði augu okkar fyrir því hversu mikilvægt og ómetanlegt starf SOS Barnaþorpin vinna um allan heim. Okkur fannst yndislegt að sjá hversu vel er hugsað um börnin og að þeim sé gefið þetta tækifæri.



Bára og styrktarbarnið hennar, Ruth



Sandra María með litilli stelpu sem býr í þorpinu



Hildur að leiða stelpu sem var mjög hrifin af henni og labbaði með henni út um allt



Bára Dís að aðstoða Ruth, styrktarbarnið sitt við að þvo þvott



# Græn barnaþorp

## SOS í Senegal:



SOS Barnaþorpin í Tambacounda í Senegal hvetja skjólstaðinga Fjölskyldueflingar á svæðinu til að endurvinna plastpoka en um er að ræða verkefni sem vonast er til að hafi einnig áhrif á íbúa í nærliggjandi umhverfi. Samkvæmt nýrri könnun sem gerð var á svæðinu, nota íbúar Tambacounda plastpoka í 90% tilvika þegar þeir versla í matinn en plast hefur afar neikvæð áhrif á umhverfi og dýralíf.

Skjólstaðingar Fjölskyldueflingar SOS á svæðinu hafa því fengið kennslu í að þvo, þurrka og klippa pokana svo hægt sé að vinna úr þeim ýmsa muni, til að mynda hálsfestar,

belti, hundaólar og annað sem mögulegt er að selja. Verkefnið hefur þannig ekki aðeins fræðslugildi í för með sér heldur eykur það einnig tekjumöguleika skjólstaðinga Fjölskyldueflingar.

## SOS í Kenía:



Isaac Irungu, fyrrverandi SOS barn í Kenía, hefur stofnað fyrirtæki sem sérhæfir sig í að safna rusli og endurvinna það. Fyrirtækið er staðsett í höfuðborg landsins, Nairobi, og er það styrkt af SOS Barnaþorpunum. Framtíkið gerir Isaac kleift að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði ásamt því að vernda umhverfið í heimalandinu.

Isaac hefur ráðið sjö SOS ungmenni í vinnu sem aðstoða við ruslatínglu á

fjórum svæðum í Nairobi. Þá starfa tvö fyrrverandi SOS börn einnig með honum sem aðstoða við reksturinn ásamt því að sjá um endurvinnslu rusls og plasts. Um er að ræða mikilvægt verkefni í Keníu þar sem gríðarlegt magn rusls og plasts er ekki endurunnið.

## SOS í Níger:



Skjólstaðingar Fjölskyldueflingar í Maradi í Níger fá geitur að gjöf frá SOS. Ásamt

Því að vera skemmtileg viðbót við fjölskyldurnar mjólka geiturnar vel enda af tegund sem þekkt er í Níger fyrir ágæti sitt. Fjölskyldurnar fá því nýja og næringarríka mjólk á hverjum degi ásamt því að geta unnið ost og aðrar matvörur úr mjólkinni sem síðan eru seldar á markaðnum. Geiturnar hjálpa þannig fjölskyldunum að nærja sig betur ásamt því að auka innkomu þeirra!

## SOS í Suður-Afríku:



Í mars síðastliðnum tóku ungmenni í SOS Barnaþorpinu í Rustenburg í Suður-Afríku þátt í hreinsun á 16 kílómetra svæði við Krókóðílaána (Crocodile River) sem rennur í gegnum svæðið. Hreinsunin var hluti af verkefni sem á að styðja við ungmenni í Suður-Afríku og hvetja til umhverfisvitundar.

Verkefnið þótti það áhuga-vert að fólk úr samfélaginu hópaðist að ánni til að hjálpa til, þar á meðal SOS fjölskyldur í barnaþorpinu í Rustenburg og skjólstæðingar Fjölskylduefingar.

## SOS í Tógó: Í kjölfar mikillar



orkunotkunar, og þar af leiðandi hárra rafmagnsreikninga, í SOS Barnaþorpinu í Dapaong í Suður-Afríku, var ákveðið að taka í notkun sólarorkukerfi. Með aukinni þekkingu á neikvæðum umhverfisáhrifum og hækkandi kostnaði hefðbundinna orkugjafa (t.d. olíu og kola) hafa SOS Barnaþorpin skoðað möguleikana á endurnýjanlegum og umhverfisvænum orkugjöfum.

SOS Barnaþorpin á Íslandi kostuðu verkefnið en með sólarorku munum við sjá hundruðum barna fyrir þeirri



umhverfisvænu orku sem sólin gefur frá sér. Um er að ræða 12 fjölskylduhús í barnaþorpi auk heilsugæslu, leikskóla og grunnskóla. Þá var öllum lömpum, ísskápum, straujárnnum og öðrum raftækjum skipt út.

## SOS í Malí:



Þegar SOS Barnaþorpið og SOS grunnskólinn í Kita í Malí voru byggð árið 2009 voru gróðursettar plöntur sem nýtast þorpshúum og nemendum. Þar eru grænmetisgarðar og ávaxtatré sem bæði skyggja á sólina (en um er að ræða afar heitt svæði) og eru nýtt í máltíðir fyrir SOS fjölskyldurnar og einnig í nestisboxið hjá börnunum í SOS skólunum.

Verkefni líkt og þetta skapa mikil tækifæri en fjölskyldurnar á svæðinu fræðast um umhverfisvernd og fjölbreytni í fæðuvali.



# „Tók langan tíma að læra á þetta eðlilega líf“

Sunna Stefánsdóttir

**M**ari Järsk er 28 ára gömul kona frá Eistlandi. Hún hefur búið á Íslandi í tíu ár en ólst upp í SOS Barnaþorpi í heimalandinu. Starfsfólk SOS Barnaþorpanna á Íslandi hafði heyrt út undan sér að hér á landi væri ung kona sem alist hefði upp í barnaþorpi í Eistlandi og þegar Mari skrifaði athugasemd á Facebook síðu SOS á Íslandi var ekki annað hægt en að hafa samband við hana enda ekki algengt að fyrrverandi SOS börn búi hér á landi.

Mari kom í kaffi á skrifstofu SOS í Kópavogi hlaðin myndaalbúmunum frá uppvaxtarárum sínum í þorpinu sem SOS móðir hennar hafði safnað saman og hefur Mari haldið þeirri hefð áfram á fullorðinsárum. Á meðan við flettum í gegnum albúmin sagði hún mér sögu sína en Mari er með einstaklega mikla útgeislun og talar afbragðs góða íslensku. Hún vinnur í Hörðuvallaskóla og segir starfið henta sér vel enda afar fjölbreytt og skemmtilegt.

Mari var tekin af foreldrum sínum árið 1995 þegar hún var sjö ára gömul. Systkinin voru þá sjö á aldrinum eins til fimmtán ára og eignuðust þau öll nýtt heimili í SOS Barnaþorpinu í Keila. Þorpið var þá ný opnað en aðeins einn systkinahópur var þar fyrir. Það átti þó eftir að breytast þar sem börnunum fjölgaði ört næstu mánuði og ár.

Mari segir systkinin hafa búið við afar erfiðar aðstæður áður en þau fluttu í þorpið en heimili þeirra einkenndist af mikilli óreglu og þá hafði ekkert systkinanna gengið í leik- eða grunnskóla. Þar af leiðandi voru börnin í slæmu ástandi þegar þau komu fyrst í barnaþorpið. „Elsti bróðir minn var orðinn fimmtán ára þegar hann kom í þorpið en þar á undan hafði hann í raun bara búið á götunni. Hann kunni ekki að lifa svona eðlilegu lífi og lét sig fljótt hverfa. Stuttu síðar var hann kominn í unglíngafangelsi,“ segir Mari. Hún segir hin systkinin öll hafa alist upp í þorpinu og þeim gangi flestum vel í dag. Yngsti bróðir hennar sé



Mari í júlí 1995, þá nýkomin í SOS Barnaþorpið.

framúrskarandi námsmaður og sé búinn að stofna sitt eigið fyrirtæki og safni einnig styrkjum fyrir SOS Barnaþorpin. „Við systkinin erfðum þó öll alkóhólista-genið frá foreldrum okkar og hefur gengið misvel að lifa með því,“ segir þessi brosmilda kona. Líffræðilegir foreldrar Mari eru láttnir, móðir hennar lést árið 2007 en faðir hennar síðastliðið sumar.

Aðspurð segir Mari komuna í SOS Barnaþorpið það besta sem hafi komið fyrir sig. „Þegar ég kom í þorpið var haldið upp á afmæli, jól, páska og fleiri hátíðisdaga sem ég þekkti ekki fyrir. Þá fengum við nóg að borða og stundum örugglega of mikið,“ segir hún og hlær. „Það tók líka langan tíma að læra á þetta eðlilega líf. Ef það var matur í boði þá borðuðum við bara á okkur gat eins og villidýr. Það var bara allt búið

eftir fimm mínútur.“ Þá fór Mari í heimsókn í þorpið á síðasta ári og sá þar sömu hegðun hjá börnum sem eru nýkomin. „Mamma er enn starfandi SOS móðir og er núna með sex lítil börn. Ég sá nákvæmlega sömu hegðun hjá þeim og spurði mömmu hvort við hefðum verið svona. Hún sagði að við hefðum verið verri!“

Talandi um SOS móður hennar spyr ég Mari hvernig hún upplifði hana. „Hún ól mig upp og ég verð ævinlega þakklát fyrir það. Ég hef alltaf lítið á hana sem mömmu mína og fyrir henni var ég barnið hennar.“ Mari segist þó hafa upplifað hana full stranga. „Hún var mjög ströng og við tengdumst kannski ekki eins sterkum tilfinningalegum böndum og margar aðrar mæðgur í þorpinu. Besta vinkona mín sem ólst upp

í sama þorpi var til dæmis mun betri vinkona SOS mömmu sinnar svo eflaust er þetta misjafnt eftir einstaklingum.“ Mari segist þó skilja í dag að eflaust hafi þurft mikinn aga á þau systkinin. „Við vorum auðvitað sjö og mjög erfið. Aðstæður á fyrra heimili mótuðu okkur og því voru vandamálin ýmis konar sem fylgdu okkur. Maður getur varla ímyndað sér hvað það er erfið að eiga eitt barn sem á við svona vandamál að stríða, hvað þá sjö eða átta!“ en hún segir félagsleg vandamál vera mikil á þessum slóðum. „Í Austur-Evrópu er svo mikið um félagsleg vandamál og það bitnar að sjálfsgöngu á börnunum. Stundum hafa þau þurft að dúsa á barnaheimilum í lengri tíma þar sem þau fá enga umönnun. Þar af leiðandi eru mörg börn í rauninni bara skemmd þegar þau fá loksins gott heimili í SOS Barnaþorpi.“

Mari segir barnæsku sína í þorpinu hafa einkennst af gleðistundum. „Mamma elskaði okkur skilyrðislaust og allir í þorpinu höfðu mikið fyrir því að láta okkur finna fyrir væntumþykju og ást. Ég byrjaði í SOS grunnskólanum í þorpinu þegar ég kom en var ári á eftir. Skólinn var mjög góður en þar voru bæði krakkar sem bjuggu í þorpinu og í nágrenninu. Þá vorum við alltaf í einhverjum íþróttum eða tómstundum og fórum reglulega í ferðalög,“ segir Mari. „Þá langaði mig svo rosalega í hund enda alveg sjúk í dýr sem endaði á því að við fengum okkur hvolp. Það gekk þó því miður ekki upp þar sem sum börnin í þorpinu voru það andlega veik að þau gátu ekki verið í kringum dýr og við þurftum að gefa hann. En þess í stað fékk ég að fara í sveit á sumrin þar sem ég var umkringd dýrum.“

Mari segir börnin í SOS Barnaþorpinum í Eistlandi búa við mun betri aðstæður en meðalmaðurinn



Mari með tikinni sinni, Orku.



Mari ásamt systkinum sínum, SOS móður og SOS frænku (aðstoðarkonu) í desember 1996.

þar í landi. Þrátt fyrir það sé ýmislegt sem hægt er að setja út á. „Þegar ég flutti í þorpið var það auðvitað glænýtt og margt sem hefur breyst með árunum. En mér fannst til dæmis vanta SOS feður þegar ég var að alast upp og er því mjög fegin þeirri þróun að þeir séu að koma meira inn. Þrátt fyrir að maður ætti karlkyns fyrirmyndir í þorpinu þá áttu þeir auðvitað bara sína fjölskyldu heima. Þá þarf líka að passa að börnin læri sjálfstæði en þau eru auðvitað mjög vernduð inni í þorpinu. Þetta eru kannski smáatriði en skipta samt máli. Til dæmis hvernig á að fara með peninga og nota debetkort,“ segir Mari og brosir. “

Mari flutti til Íslands í september 2005, þá á átjándá ári. En hvernig stóð á því að hún kom hingað til lands? „Þegar ég var sextán ára var stefnan sett á kokkanám í höfuðborginni Tallin og því flutti ég á ungmennaheimili þar sem ég bjó með öðrum SOS ungmönnum.“ Árið 2005 fékk Mari svo heimsóknarboð frá íslensku styrktarforeldri sem hún þáði en eldri bróðir hennar fór einnig með. Um var að ræða styrktarforeldri sem hafði mikil tengsl við barnaþorpið og hafði heimsótt það oft en einu sinni ásamt því að vera í bréfaskriftum bæði við Mari og SOS móður hennar. „Úr varð að bróðir minn starfaði hér á landi í hálf tveimur

fór svo aftur til Eistlands. Ég ílengdist hins vegar á Íslandi og hóf störf á leikskóla í Hafnarfirði þar sem dóttir styrktarforeldrisins var leikskólalastjóri en ég bjó einnig hjá henni. Stuttu

síðar hóf ég nám við Flensborgarskólann í Hafnarfirði þaðan sem ég útskrifaðist en vann einnig alltaf á leikskólanum í hlutastarfi.“

Mari líkar vel á Íslandi og sér fram á að búa hér áfram. „Hér á ég gott bakland og líður vel. Ég myndi þó gjarnan vilja búa í Eistlandi þar sem fjölskylda mín býr en ég hef það betra

hér. Ég reyni að fara heim einu sinni á ári og hitti þá SOS fjölskylduna mína, ættingja og vini,“ segir þessi kraftmikla kona að lokum.



Mari ásamt líffræðilegum föður sínum, en hún hitti hann reglulega í heimsóknum sínum til Eistlands.



## Hvað er að fréttast af Fílabeinströndinni?

Fílabeinsströndin var eitt sinn einn helsti gimsteinninn í Afríku en í dag er þar mikil fátækt, ójafnrétti og atvinnuleysi. Landið fékk sjálfstæði frá Frakklandi árið 1960 og því er opinbert tungumál landsins franska. Á sjöunda og áttunda áratugnum var útlitið bjart fyrir Fílabeinsstrendinga vegna erlendra sjárfestinga og útflutnings á kakó. Landið var fyrirmynd margra Afríkuríkja og þótti friðsælt og öruggt.

Fjöldi innflytjenda jókst þegar fréttist að bændur í landinu fengu vel borgað fyrir vörur sínar en uppsveiflunni lauk á níunda áratugnum sem leiddi svo til efnahagsbruns en það hafði gríðarlega slæm áhrif á íbúa landsins.

Árið 2010 var Alassane Ouattara

kosinn forseti landsins en fyrrverandi forseti, Laurent Gbagbo, neitaði að fara frá völdum. Í kjölfarið braust út styrjöld með þeim afleiðingum að hundruð þúsunda þurftu að flýja heimili sín.



Afmælisveisla í SOS Barnaþorpinu í Yamoussoukro

Í dag býr yfir helmingur landsmanna við mikla fátækt og er landið orðið eitt það fátækasta í heimi. Lífaldur fólks á Fílabeinsströndinni er aðeins 58 ár en 14% landsmanna eru alvarlega vannærð. Hálf þjóðin kann ekki að lesa og skortur á húsnæði, mat og heilbrigðisþjónustu er áberandi en borgarastyrjöldin hefur gert það að verkum að ein milljón manna hefur þurft að flýja heimili sín.

Um er að ræða unga þjóð en um 40% landsmanna eru yngri en 14 ára. Að meðaltali eignast konurnar 3,9 börn og fæðast 20% of létt. Þá er tíðni ungbarnadauða á Fílabeinsströndinni há, en 65 ungabörn af hverjum þúsund deyja.

Mörg börn í landinu alast upp við erfiðar aðstæður. Rúm ein milljón barna er munaðarlaus og elst meirihluti þeirra upp án stuðnings, oftar en ekki á götunni þar sem þau neyðast til að betla mat og pening. Þar eru börnin gríðarlega berskjölduð fyrir kynferðislegri misnotkun, barnaþrælkun og ofbeldi. Eftir að styrjöldin hófst var mörgum skólum lokað og hlutfall barna í skóla fór lækkanði. Börnin eru þó óðum að skila sér aftur í skólustofurnar og í dag eru 85% barna í skóla.

Árið 1962 stofnaði franskur prestur „Vinaþorpið“ rétt fyrir utan Abidjan á Fílabeinsströndinni. Árið 1970 hafði hann samband við Hermann Gmeiner og viðraði við hann þá hugmynd hvort hægt væri að gera þorpið að SOS Barnaþorpi og árið 1971 varð „Vinaþorpið“ að fyrsta SOS Barnaþorpinu í Afríku. Á níunda áratugnum var annað þorp byggt á Fílabeinsströndinni og svo það þriðja á síðasta ári. Á öllum stöðunum þremur eru barnaþorp, leikskólar, grunnskólar og heilsugæsla ásamt Fjölskylduefningu.

# Börnin áttu

*að njóta góðs af hennar ævistarfi*

Þann 1. júlí 1993 gekk rúmlega fimmtug kona að nafni Anna inn á skrifstofu sýslumannsins í Reykjavík. Hún var ógift og barnlaus en hafði styrkt munaðarlausan dreng í Asíu í gegnum SOS Barnaþorpin. Þar sem hún átti enga skylduerfingja áttu eignir hennar að renna lögum samkvæmt til ríkissjóðs eftir hennar dag, nema hún gerði erfðaskrá og ráðstafaði eigum sínum þannig sjálf.

Umræddan dag í júlí 1993 mætti hún sem sagt til sýslumannsins með erfðaskrá þar sem skýrt var kveðið á um að eignir hennar, fastar og lausar (að undanskyldu innbúi og persónulegum munum) skyldu renna til SOS Barnaþorpanna og nýtast í þágu barna.

Erfðaskráin var skráð hjá sýslumanni og var í hans vörslu þar til Anna lést árið 2010. Í kjölfarið fengu SOS Barnaþorpin litla íbúð hennar á Spáni og lausafé, samtals um 15 milljónir króna.

Anna óskaði eftir því að stofnaður yrði sjóður í hennar nafni, hann ávaxtaður og úthlutaður honum eftir ákvörðunum stjórnar SOS í þágu barna. Nú þegar hefur tvisvar verið úthlutaður úr sjóðnum. 1,5 m.kr. var varið í að hjálpa sárafatækum barnafjölskyldum í Níkaragva til sjálfshjálpar í gegnum Fjölskylduefningu SOS þar í landi. Þá var 1,7 m.kr. varið til lóðakaupa og byggingar á húsi fyrir einstæða sex barna móður í Gíneu Bissá en hún hefur verið skjólstæðingur Fjölskylduefningar SOS til þriggja ára og mun að öllum líkindum verða fjárhagslega sjálfstæð á næsta ári.

Af þessu má sjá að enn á eftir að ráðstafa meira en 10 milljónum króna úr sjóði dánarbús Önnu Kristínar og verður það gert í samræmi við óskir hennar eins og þær koma fram í erfðaskránni.

En Anna Kristín er ekki ein um að vilja láta skjólstæðinga SOS Barnaþorpanna njóta góðs af ævistarfi sínu. Mikill fjöldi



einstaklinga um allan heim ánafnar SOS eignir sínar að hluta til eða öllu leyti eftir sinn dag og þannig getum við hjálpað mun fleiri börnum en ella. Þannig rætast líka óskir þess sem erfðaskrána gerði – eftir að hún/hann hefur sjálf/ur notið góðs af

ævistarfi sínu.

Það er auðvelt að gera erfðaskrá og bendum við áhugasömum á að hafa samband við sýslumann eða lögmann. SOS Barnaþorpin á Íslandi geta bent á lögmann sem aðstoða við gerð erfðaskráa.

# Af hverju ert þú SOS styrktarforeldri?

## Rakel Sófusdóttir:

Hér eru tvær myndir sem eru í uppáhaldi hjá mér. Ég tók þær þegar við dóttir mín heimsóttum styrktarbarnið okkar í Phnom Penh 2011.

Önnur myndin er af dóttur minni, stelpunni sem við styrkjum og SOS fjölskyldunni hennar.

Hin myndin er af dóttur minni og stelpunni sem við styrkjum að leiðast. Þær gátu ekki talað saman en leiddust út um allt og léku sér saman eins og þær hefðu alltaf þekkt. Það er í ár á milli þeirra.

## Hvers vegna er ég SOS styrktarforeldri?

Það er góð tilhugsun að vita til þess að ég geti hjálpað til við að veita þessu barni öryggi, móðurást, menntun og bjarta framtíð. Okkur Íslendingum finnst það sjálfgefið, en þar sem hún býr er það ekki.

Þetta er lítil upphæð fyrir mig, en breytir öllu fyrir hana.



Rakel og dóttir hennar með SOS börnunum



Dóttir Rakelar og styrktarbarnið þeirra að leiðast um þorpið



Daníel og Kristjana á heimili sínu

## Daníel B. J. Guðrúnarson og Kristjana Guðrún Björnsdóttir:

Við hjónin erum öryrkjar frá Akranesi og ákváðum að gerast styrktarforeldrar barns í Nepal.

Við höfum bæði gaman af börnum og byrjuðum að styrkja í apríl og munum halda því áfram eins lengi og við lifum. Að vera styrktarforeldri er æðislega gaman og bætir upp fyrir það að við getum ekki átt börn sjálf.

## Adda Steina Haraldsdóttir og fjölskylda:

Systkinamyndataka. Það þriðja bættist í hópinn eftir jarðskjálftann í Nepal. Þegar við fréttum af skjálftanum var skrúfað niður í afmælisplönunum barnanna sem bæði áttu afmæli um það leyti. Í staðinn fyrir veislu og dýrar gjafir bættist þessi fallega stúlka við fjölskylduna og hefur gefið okkur svo mikið á þessum stutta tíma. Hlökkum til að fá að fylgja henni um ókomin ár. Takk fyrir okkur!



Börn Öddu Steinu